Kæru hestamenn

Hilmar Guðmannsson heiti ég og er í hestamannafélaginu Fáki og býð mig fram til áframhaldandi setu í varastjórn LH 2026-2028. Síðasta tímabil hefur verið skemmtilegt og lærdómsríkt og ég hef mikinn áhuga á að vinna áfram að málefnum hestamanna.

Ég er rafvirkjameistari að mennt og hef haft yfirumsjón með rafmagnsinnviðum og tæknimálum á síðustu landsmótum. Í Fáki 2018 og 2024 og einnig nú í sumar að Hólum í Hjaltadal. Ég er formaður mannvirkjanefdar LH og á þeim vettvangi reynt að stuðla að uppbyggingu og samhæfingu valla og mannvirkja hestamannafélaga. Ég þekki því innviði mótsvæða og félagssvæða mjög vel og tel mig geta gert margt gott á því sviði.

Einnig hef ég komið mikið að sjálfboðaliðastörfum innan hestamennskunar og þar ber hæst á þessu ári sýningarstjórn Æskunnar og hestsins sem haldin var í Hafnarfirði síðasta vor eftir nokkurra ára hlé.

Ég hlakka til næstu tveggja ára með ykkar stuðningi.

Sjáumst hress